
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	71. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Fimmtudagur 4. maí 2000, kl. 10:00
Fundarstaður:	Orkubú Vestfjarða, Ísafirði
Fundarefni:	1) Truflanir í kerfi Orkubús Vestfjarða. 2) Þátttaka Rafveitu Hafnarfjarðar í START. 3) Staða skráningar ársins 1999. 4) Breytingar á Nordel skráningu. 5) Gæði raforku. 6) Heimasíða START. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:	Guðmundur I. Ásmundsson Pétur E. Þórðarson Jakob Ólafsson Egill Sigmundsson Gunnar Haukur Gunnarsson
Orkubú Vestfjarða:	Ragnar Emilsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) JÓ bauð fundarmenn velkomna en þetta er í fjórða skiptið sem hópurinn heldur fund á Ísafirði (1989 fundur 10, 1992 fundur 39, 1996 fundur 59). RE fjallaði þá um truflanir í kerfi Orkubúsins og sýndi nokkur línurit. Nokkrar sveiflur eru í fjölda fyrirvaralausra truflana en þær voru í lágmarki árið 1997 vegna góðs veðurfars en það hafa verið 100-200 fyrirvaralausar truflanir á ári. Þegar bætt er við viðhaldstilvikum verður fjöldinn 250-350 skýrslur á ári. Viðhaldsskýrslur vantar væntanlega frá svæði 2 á síðasta ári sem stafar af því að breytingar hafa orðið í starfsmannahaldi en þessar skýrslur eru væntanlega til á pappír og verða þær þá skráðar á næstunni.
- 2) JV sagði hafa rætt við Jón Gest Hermannsson hjá Rafveitu Hafnarfjarðar um þátttöku þeirra í þessu starfi. Hann sagði að Jón Gestur hefði tekið vel í það og mun hann væntanlega mæta á næsta fund í hópnum til kynningar á starfinu.

GIÁ lagði til að haft yrði formlegt samband við aðrar veitur og þær hvattar til að taka upp þessa skráningu. JV benti á að bjóða mætti þeim óformlega aðild að hópnum þannig að þeim væru send öll fundarboð og gætu þeir þá mætt á fundina þegar þeir teldu þörf á því. JV var falið að senda veitum bréf þar sem þær eru hvattar til að taka upp þessa skráningu og boðin óformleg aðild að hópnum.

- 3) JV sagði að skráningu síðasta árs væri lokið hjá Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða, Orkuveitu Reykjavíkur og Rafveitu Akureyrar. Landsvirkjun ætti þó eftir að ganga frá að skrá inn þær einingar sem bættust við kerfið hjá þeim á síðasta ári. ES sagði að hjá Hitaveitu Suðurnesja væri verið að lagfæra skýrslur síðasta árs. PEP sagði að ekki væri ennþá komið í lag forritið sem reikna á út skerðinguna í nýju skráningarforriti. Kjartan er búinn er að fara yfir allar skýrslur og skráningaraðilar eru búnir að lagfæra þær. Hann vissi ekki hvenær skýrslurnar yrðu tilbúnar en ætlar að athuga með að taka út þær skýrslur sem flokkast til Nordel. GIA sagði að Nordel skráningin hefði átt að vera tilbúin núna í byrjun maí þar sem fundur er í Nordel hópnum í næstu viku. Ákveðið var að stefna að því að vera tilbúin með gögnin helst um miðjan mánuðinn eða í síðasta lagi í lok hans.
- 4) JV sagði að hópur sem skipaður var á síðasta fundi til að fara yfir Nordel leiðbeiningar væri búinn að taka saman athugasemdir og dreifði hann þeim og fór yfir þær. Nokkur umræða varð um þessar leiðbeiningar. JV sagði að það virtist sem að þessi skráning ætti einungis að ná til flutningskerfanna en ekki til aðveitukerfa dreifiveitnanna. GIA sagði að það hefði komið fram á síðasta fundi í Nordel hópnum að skráningin ætti að ná til allra eininga yfir 100 kV hvort sem þær tilheyrði flutningskerfinu eða aðveitukerfinu. GIÁ sagði að Helga Jóhannsdóttir mundi fara á Nordel fundinn og mundi þá taka upp þessi atriði.
- 5) JV sagðist hafa fundið gott yfirlit um þætti sem snúa að gæðum raforku í nýlegri bók og kynnti hann þetta yfirlit (sjá Roger C. Dungan, Mark F. McGranaghan og H. Wayne Beaty: "Electrical Power Systems Quality". McGrawHill 1996).
- 6) Engar athugasemdir komu við heimasíðu nefndarinnar og flestir fundarmenn höfðu skoðað hana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: “Athugasemdir við Nordel skráningu”. (JV)